



Fundagerð

Aðalfundur Landvarðafélags Ísland - haldinn þ. 17. mars 2022, á KEX Hostel.

Fundurinn var bæði stað- og fjarfundur.
Mæting: 18 á staðfundi og 16 á fjarfundi

1. Fundur settur og fundarstjóri kosinn

Nína Aradóttir, formaður félagsins settur fundinn kl. 18:07 og lagði til að fundarstjóri yrði Orri Páll Jóhannsson og Guðrún Tryggvadóttir ritari. Samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar.

Spurningar og athugasemdir úr sal: Ein athugasemd kom úr sal að opna FB síða félagsins mætti vera virkari. Stjórn tekur undir það.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Hrafnhildur Vala, gjaldkeri, lagði fram endurskoðaða reikninga.
Árskýrslan var samþykkt.

4. Lagabreytingar

Spurningar og athugasemdir úr sal: Engar lagabreytingar voru sendar inn.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Hrafnhildur Vala lagði til fyrir hönd stjórnar að gjaldið haldist kr. 2.500.
Félagsgjöld samþykkt

6. Kosning stjórnar

Í stjórn sitja áfram frá síðasta starfsári, Nína Aradóttir (formaður), Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir (gjaldkeri) og Rakel Anna Boulter (meðstjórnandi), en kosið er um varaformann, meðstjórnanda og tvo varamenn, allt til tveggja ára. Guðrún Tryggvadóttir og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Benedikt Traustason býður sig fram sem varaformaður en var áður varamaður. Samþykkt..

Bjartey Unnur Stefánsdóttir býður sig fram sem meðstjórnanda. Samþykkt.

Þórhallur Jóhannsson (áður varaformaður) og Guðrún Úlfarsdóttir bjóða sig fram sem varamenn. Samþykkt.

7. Kosning í nefndir og kosning skoðunarmanns reikningar

Fræðslu og skemmtinefnd: Aðeins einn aðili gefur kost á sér til áframhaldandi setu, Anna Pálsdóttir, en Helga Aradóttir og Friðgeir Jóhannes Kristjánsson gefa ekki kost á sér. Sólborg Birgisdóttir og Guðrún Úlfarsdóttir gefa kost á sér til viðbótar. Samþykkt.

Alþjóðanefnd: Linda Þjörk Hallgrímsdóttir, Hrafnhildur Ævarsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir gefa allar áfram kost á sér til að vera í nefndinni. Samþykkt.

Kjara- og laganefnd: Benedikt Traustason, Guðmundur Björnsson, Nína Aradóttir gefa kost á sér ásamt Þórhalli Jóhannssyni og Þorgeiri Adamssyni til vara. Samþykkt.

Skoðunarmaður reikninga: Ingibjörg Eiríksdóttir og Áróra Bryndís Ásgeirsdóttir gefa ekki aftur kost á sér aftur. Guðbjörg Runólfssdóttir og Álfur Birkir Bjarnason gefa kost á sér og er það samþykkt.

8. Önnur mál

Kjaramálin

Benedikt og Nína kynna þá alvarlegu stöðu sem kjaramál okkar eru komin í vegna stofnanasamnings gerðar. Þau tilkynna að þau hafa verið boðuð á tvo fundi í næstu viku, með SGS og stofnunum annars vegar og Sameyki og stofnunum hins vegar. Þau munu halda félagsmönnum upplýstum um stöðuna þegar að því kemur.

Umræður skapast um kjaramálin og almenn ánægja er að viðræður við Sameyki séu í gangi og engin mótmælir því að halda þeim áfram.

Stefna félagsins

Rakel Anna kynnir endurskoðað stefnu félagsins og ber hana upp til samþykktar og er hún samþykkt. Helstu breytingarnar eru að búið er að stytta og einfalda stefnuna en í staðin mun stjórn gera aðgerðaráætlun í upphafi hvers starfsárs sem unnið er eftir og er þá hluti af því sem var í fyrri stefnu færður þangað. Einnig mun stefnan núna vera endurskoðuð á tveggja ára fresti, en ekki fimm.

Spurningar og athugasemdir úr sal: Fundarstjóri spyr hvort að félögum verði kynnt aðgerðaráætlunin og stjórn segir að við munum leitast við að gera það.

Tillaga frá stjórn

Nína og Benedikt leggja til að félagið styrki landverði erlendis sem þurfa á því að halda þar sem fjárhagur félagsins er góður eftir covid og þar sem það kom ákall frá ERF í síðustu viku um að styrkja landverði í Úkraínu vegna stríðsins. Styrkt er í gegnum samtökin Frankfurt zoological society. Stjórn leggur til að styrkurinn verði 1000 evrur. Tillagan er samþykkt.

Spurningar og athugasemdir úr sal: Spurt er hvort það standi til að gera þetta á hverju ári og stjórn segir að það hafi ekki verið ákveðið en sjálfsagt að meta stöðuna hverju sinni.

Alþjóðamál

Linda Björk kemur með tilkynningu um alþjóðamál: Næsta alþjóðþing landvarða er á Azores eyjum 5.-9.júní og hvetur félagsmenn til að mæta á fundinn.

Ályktun

Benedikt kynnir ályktun um orkumál fyrir hönd stjórnar.

Samþykkt

Fundi slitið 19:27

Fundargerð ritaði Guðrún Tryggvadóttir.